UMHVERFIS STOFNUN

# Veistu að sótthreinsivörur þurfa markaðsleyfi?

**Kynningarfundur UST og SVÞ**
**29. maí 2019**

*Hafdís Inga Ingvarsdóttir*
*Umhverfisstofnun*

# Sótthreinsivörur eru sæfivörur!

Hvað eru sæfivörur (biocidal products)?

- innihalda virk efni sem drepa, eyða, fæla frá eða laða að
  - T.d. bakteríudrepandi, sveppaeyðandi, skordýraeyðir, skordýrafælir, nagdýraeyðir
- eru nauðsynlegar til að verjast lífverum sem eru skaðlegar heilbrigði manna eða dýra
- eru nauðsynlegar til að verjast lífverum sem geta spillt náttúrulegum afurðum eða framleiðsluvörum
- skiptast í 4 aðalflokka

Reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur innleiðir reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra

UMHVERFIS STOFNUN

# Aðalflokkar sæfivara










1. Sótthreinsiefni
2. Rotvarnarefni
3. Varnir gegn meindýrum
4. Aðrar sæfivörur

Skiptast í 22 vöruflokka

# Aðalflokkur 1: Sótthreinsiefni





**5 vöruflokkar:**

1. Hreinlætisvörur fyrir fólk
    - T.d. handsótthreinsir
2. Sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr
    - T.d. bakteríudrepandi salernishreinsir, sótthreinsivörur fyrir yfirborð, sundlaugaklór
3. Hreinlætisvörur fyrir dýr
    - T.d. sótthreinsivörur fyrir júgur mjólkandi kúa
4. Svæði fyrir matvæli og fóður
    - T.d. sótthreinsun búnaðar sem tengist framleiðslu matvæla
5. Drykkjarvatn






UMHVERFIS STOFNUN

# Sótthreinsivörur þurfa markaðsleyfi!

- Reyndar þurfa allar sæfivörur markaðsleyfi!

- Hvenær þarf að sækja um markaðsleyfi?
  - Fer eftir því hvar virka efni vörunnar er statt í áhættumati
  - **Öll virk efni til notkunar í sæfivörum eru áhættumetin** fyrir einn eða fleiri vöruflokka
  - Sækja þarf um eftir að síðasta virka efnið í vöru hefur verið **samþykkt í áhættumati** í viðkomandi vöruflokki

- Áhættumati er lokið fyrir 1/3 af öllum virkum efnum í sæfivörum
- Áhættumati allra virkra efna á að vera lokið við árslok 2024

UMHVERFIS STOFNUN

# Sótthreinsivörur þurfa markaðsleyfi!

- Virkt efni er **samþykkt**:
  - Fær úthlutað **samþykktardagsetningu** – ca. 1,5 ár fram í tímann
    - Sækja þarf um markaðsleyfi fyrir eða í síðasta lagi á þeim degi og varan má vera áfram á markaði
    - Ef ekki er sótt um fyrir samþykktardagsetningu þá má varan ekki vera áfram á markaði fyrr en hún hefur fengið markaðsleyfi

- Virkt efni er **ekki samþykkt**:
  - Ekki má nota það í sæfivörum í viðkomandi vöruflokki

- Virkt efni er **í áhættumati**:
  - Sæfivörur sem innihalda það eru leyfilegar á markaði

UMHVERFIS STOFNUN

# Hvernig skoða ég stöðu virka efnisins?

- Efnastofnun Evrópu (ECHA) er með leitarvél inni á vefnum sínum
  - https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/biocidal-active-substances

| Substance name | EC /List no | CAS no | Product-type | Approval start date | Approval end date | Evaluating competent authority | Approval/Assessment status | | Related authorised biocidal products |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2-Butanone, peroxide | 215-661-2 | 1338-23-4 | PT01 | | | Hungary | **Not approved** | | |
| 2-Phenoxyethanol | 204-589-7 | 122-99-6 | PT01 | | | Italy | **Initial approval in progress** Commission decision | | |
| 5-chloro-2-(4-chlorphenoxy)phenol (DCPP) | 429-290-0 | 3380-30-1 | PT01 | 01/12/2016 | 30/11/2026 | Austria | **Approved** | | |
| 6-(phthalimido)peroxyhexanoic acid (PAP) | 410-850-8 | 128275-31-0 | PT01 | | | Italy | **Initial approval in progress** Competent authority evaluation | | |
| Active chlorine generated from sodium chloride by electrolysis | - | - | PT01 | | | Slovakia | **Initial approval in progress** Commission decision | | |
| Active chlorine released from hypochlorous acid | - | - | PT01 | | | Slovakia | **Initial approval in progress** Opinion development by BPC | | |
| Active chlorine released from sodium hypochlorite | 231-668-3 | 7681-52-9 | PT01 | 01/01/2019 | 31/12/2028 | Italy | **Approved** | | |
| Alkyl (C12-16) dimethylbenzyl ammonium chloride (ADBAC/BKC (C12-16)) | 270-325-2 | 68424-85-1 | PT01 | | | Italy | **Initial approval in progress** Opinion development by BPC | | |
| Alkyl (C12-18) dimethylbenzyl ammonium chloride (ADBAC (C12-18)) This substance is identified by SDA Substance Name: C12-C18 alkyl benzyl dimethyl ammonium chloride and SDA Reporting Number: 16-052-00. | 269-919-4 | 68391-01-5 | PT01 | | | Italy | **Initial approval in progress** Competent authority evaluation | | |
| Alkyl (C12-C14) dimethyl(ethylbenzyl)ammonium chloride (ADEBAC (C12-C14)) | 287-090-7 | 85409-23-0 | PT01 | | | Italy | **Initial approval in progress** Competent authority evaluation | | |

UMHVERFIS STOFNUN

# Gerðir markaðsleyfa

## Landsbundið leyfi og gagnkvæm viðurkenning (National Authorisation and Mutual Recognition)

- Sótt um landsbundið leyfi í einu ESB/EFTA ríki og gagnkvæma viðurkenningu á landsbundna leyfinu í öllum öðrum ESB/EFTA ríkjum þar sem bjóða á vöruna fram
- Hægt að sækja um fyrir stakri sæfivöru eða flokki skyldra sæfivara
  - Flokkur skyldra sæfivara: t.d. salernishreinsilína með mismunandi ilmefnum
- Við vinnslu landsbundna leyfisins er gert ýtarlegt mat á vörunni/vörunum
  - Stuðst er við sama mat við vinnslu gagnkvæmrar viðurkenningar
- Veitt að hámarki til 10 ára í senn

UMHVERFIS STOFNUN

# Gerðir markaðsleyfa

## Sambandsleyfi (Union Authorisation)

- Sótt um til ECHA og framkvæmdastjórn ESB veitir leyfið
- Leyfið gildir í öllum ESB/EFTA ríkjum
- Þarf ekki að sækja um sérstaklega í hverju landi
- Yfirleitt sótt um fyrir flokki skyldra sæfivara
- Veitt að hámarki til 10 ára í senn

UMHVERFIS STOFNUN

# Gerðir markaðsleyfa

## Markaðsleyfi fyrir tilsvarandi sæfivöru (Authorisation for a same biocidal product)

- Varan þarf að vera nákvæmlega eins og önnur vara sem annað hvort
  1. hefur fengið markaðsleyfi eða
  2. búið er að sækja um markaðsleyfi fyrir,

  að undanskildum stjórnsýslulegum upplýsingum
  - T.d. vöruheiti, heiti og heimilisfang leyfishafa
- Gögn viðmiðunarvörunnar eru notuð við mat umsóknar
- Hægt að sækja um fyrir stakri sæfivöru eða flokki skyldra sæfivara
- Viðmiðunarvaran má vera leyfð með landsbundnu leyfi eða sambandsleyfi
- Hefur sama gildistíma og viðmiðunarvaran

UMHVERFIS STOFNUN

# Breytingar á markaðsleyfum

- Sækja þarf um fyrir öllum breytingum á vöru með markaðsleyfi
- 3 gerðir:

1. **Stjórnsýsluleg breyting**
    - Breyta heiti vöru – bæta við vöruheiti
    - Breytingar varðandi leyfishafa
    - Breytingar varðandi framleiðanda virka efnisins
2. **Minni háttar breyting**
    - Breyting á styrk efna annarra en virka efnisins
    - Notkunarleiðbeiningar
    - Geymsluþol og pakkningastærð
3. **Meiri háttar breyting**
    - Breyting á styrk virka efnisins

UMHVERFIS STOFNUN

# Umsóknir um markaðsleyfi fyrir sótthreinsivörum – staðan 24. maí 2019

- Umsóknir fyrir vöruflokka 1-5, þ.e. sótthreinsivörum
- Miklu fleiri umsóknir um sambandsleyfi heldur en gagnkvæma viðurkenningu eða tilsvarandi sæfivöru



UMHVERFIS STOFNUN

# Hver sækir um markaðsleyfi og hvernig?

- Yfirleitt framleiðandi vörunnar sem sækir um leyfið
- Innflytjandi getur sótt um í samvinnu við framleiðanda
- Stundum hagsmunafélag margra framleiðanda sem sækir um í nafni þess

- Sótt um í gegnum R4BP3 (Register for Biocidal Products) gagnagrunn hjá Efnastofnun Evrópu (ECHA)
- Gögn sem þarf að skila inn með umsókninni:
  - Málsskjöl (e. dossier) eða aðgangsheimild
  - Samantekt á eiginleikum vörunnar (SPC)

# Sótthreinsivörur með markaðsleyfi á Íslandi

10 salernishreinsar – vöruflokkur 2

- Cillit Bang
- Harpic Power Plus

48 spenadýfur – sótthreinsivara fyrir mjólkandi kýr – vöruflokkur 3

- Deosan Activate vörur frá Diversey
- Vörur frá Novadan
- Vörur frá CVAS
- Dip-io vörur
- Liq-io vörur
- Teat Guard vörur
- Teatsan vörur
- o.fl.

Listi inn á vefsíðu UST https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/markadsleyfi/#Tab2

Leitarvél Efnastofnunar Evrópu (ECHA) https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/biocidal-products

UMHVERFIS STOFNUN

# Hvar á ég að byrja?

**Innflytjendur og framleiðendur:**

1. Fara yfir stöðu sótthreinsivara sem ykkar fyrirtæki markaðssetur
    - Hefur virka efnið/virku efnin verið samþykkt í áhættumati?
    - Hvenær er samþykktardagsetningin?
    - Inniheldur varan virkt efni sem hefur verið bannað?

UMHVERFIS STOFNUN

# Hvar á ég að byrja?

**Innflytjendur:**

2. Spyrja framleiðanda eða birginn ykkar hvort að búið sé að sækja um markaðsleyfi fyrir vörunni á Íslandi eða hvort eigi að sækja um fyrir henni

- Meiri líkur að sótt verði um ef varan er framleidd í Evrópu

**Framleiðendur:**

2. Skoða hvaða leiðir eru í boði til að sækja um markaðsleyfi

UMHVERFIS STOFNUN

# Takk fyrir komuna og áheyrnina

Velkomið að hafa samband
s: 591-2000
hafdisi@ust.is